

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 11. desember 2008
Tilvísun: UST20081100110/bs

Snjóflóðavarnir ofan Holtahverfis, Ísafjarðarbæ.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 25. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar.

Umhverfisstofnun telur að fjalla þurfi um valkosti á útfærslu og fyrirkomulagi mannvirkja í samræmi við ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun dags. 10. júní 2005 og 9. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Í ljósi þeirra neikvæðu sjónrænu áhrifa sem framkvæmdir í hlíðum Kubba ofan þvergarðs munu hafa í för með sér telur Umhverfisstofnun að gera verði t.d. grein fyrir hvort unnt sé að hanna þvergarðinn með þeim hætti að hann veiti Holtahverfi fullnægjandi vernd fyrir snjóflóðum úr fjallinu án tilkomu stoðvirkja.

Vegna framkvæmda við þvergarð ofan Holtahverfis telur Umhverfisstofnun að leggja þurfi áherslu á að efnistaka úr hlíðum Kubba framkalli ekki hreyfingu á bröttum hlíðum fjallsins. Umhverfisstofnun telur að gera þurfi grein fyrir hvernig staðið verði að uppsetningu stoðvirkja, þ.e. hvort gera þurfi sneiðinga í hlíðar fjallsins til að koma tækjum á fyrirhugað framkvæmdasvæði.

Stofnunin telur einnig að gera þurfi grein fyrir hvernig viðhaldi og tilfallandi lagfæringum verði sinnt á líftíma stoðvirkja þar sem ráðgert er að fjarlægja slóð á Hafrafellshálsi að uppsetningu lokinni.

Umhverfisstofnun telur að framkvæmdir í hlíðum Kubba ofan þvergarðs muni hafa neikvæð sjónræn áhrif í för með sér eins og fram kemur í frummatsskýrslu. Því telur stofnunin nauðsynlegt að kannaðir verði aðrir möguleikar til að draga úr þessum neikvæðu áhrifum.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson

Ólafur A. Jónsson
Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri